

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. júní 1984 staðfest þá breytingu á landnotkun á staðgreinireit nr. 1.471 við Sogamýri að þar verður nú útivistar- og miðbæjarsvæði sem áður var íbúðar- og miðbæjarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykkt af borgarráði Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Hafnarfirði:

1. Umferð úr Hólshrauni og Flatahrauni er stöðvunarskyld við gatnamót Reykjanesbrautar (Keflavíkurvegur), (stans).
2. Umferð um Hólshraun og Flatahraun nýtur forgangs fyrir umferð um Bæjarhraun, Kaplahraun og Skútahraun (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. júlí 1984.

Lögreglustjórnin í Hafnarfirði, 6. júlí 1984.

Einar Ingimundarson.